



Keflavík íþrótt- og ungmennafélag

572. stjórnarfundur þriðjudaginn 9. nóvember 2021 kl. 18:00

Mættir:

Einar Haraldsson, Kári Gunnlaugsson, Garðar Már Newman, Jónína Steinunn Helgadóttir og Björg Hafsteinsdóttir. Birgir Már Bragason, Eva Björk Sveinsdóttir og Sveinbjörg Sigurðardóttir fjarverandi

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

2. Fulltrúar fimleikadeildar

Þrjú fulltrúar fimleikadeildar Keflavíkur mættu á fund. Áhyggjur af framtíð deildarinnar. Formaður er hætt og nýi rekstrarstjórinn hefur sagt upp. Verið er að skoða með einn aðila sem hefur áhuga að koma til starfa sem rekstrarstjóri. Aðalstjórn verður þeim innan handa með að taka viðkomandi í viðtal. Rætt um að boða til fundar með foreldrum deildarinnar til að fara stöðu deildarinnar.

3. Innkominn póstur

Tölvupóstur frá Maríu Jónu stjórnarkonu í fimleikadeild Keflavíkur.

Fréttabréf UMFÍ samskiptaráðgjafi íþrótt- og æskulýðsstarfs kynnis starfið 28. okt.

Tölvupóstur frá Flugger boð um að taka þátt í fjáröflun. *Framkvæmdastjóra falið að gera samning.*

Tölvupóstur frá knattspyrnudeild/KSÍ lokaskýrsla Kynferðileg áreitni og ofbeldi innan knattspyrnuhreyfingarinnar.

Tölvupóstur frá Höllu Karen Guðjónsdóttir viðburðastjóra Reykjanesbæjar/Aðventugarður Reykjanesbæ Boð um að taka þátt.

Skipurit fimleikadeildar Keflavíkur.

Tölvupóstur frá formanni ÍRB íþróttakarlar og – kona ásamt ýmsu öðru.

Tölvupóstur frá UMFÍ úthlutun úr fræðslu- og verkefnasjóði. veittir voru tveir styrkir annars vegar í skyndihjálparnámskeið og fyrirlestra.

Bréf frá knattspyrnudeild. *Framkvæmdastjóra falið að afla frekari gagna.*

Bréf frá Kristjáni Reykdal. Fjáraflanir fimleikar. *Framkvæmdastjóra falið að svar erindinu.*

4. Send bréf

Svarbréf sent á íþrótt- og tómstundafulltrúa Reykjanesbæjar Hafþórs Barða Birgissonar fyrir hönd knattspyrnudeildar vegna Íðavallar 7.

5. Jólblaðið

Sævar Sævarsson er byrjaður á að taka viðtal við xxxxxx. Auglýsingaöflun gengur vel.

3. flokkur karla og 4.flokkur kvenna í knattspyrnu sjá um að dreifa jólblaðinu.

6. Íþróttakarlar og -kona Keflavíkur 2021. Hóf þriðjudaginn 28. kl. 19:00

7. Önnur mál

A. Jólhlaðborð stjórnar rætt og ákveðið að fresta því.

B. Búið að merkja vegginn í stigahúsi með meistarartitlum

C. Búið að kaupa 85“ Sony sjónvarp og hljóðstöng

Næsti fundur verður þriðjudaginn 23. nóvember 2021.

Fundi slitið kl. 20:10

Fundinn ritaði Einar Haraldsson

Keflavík íþrótt- og ungmennafélag, fyrirmyndarfélag ÍSÍ

